

Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Óseyri 2, 603 Akureyri, sími 4604477, netfang: bugardur@bugardur.is
Nautgripasæðingar, kortateikningar, bókhald, klaufskurður.



Akureyri 21.3.2019

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
B.t. Ásthildar Sturludóttur
bæjarstjóra.

Efni: Tillaga frá aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar (BSE) um innkaup mötuneyta.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar, haldinn í Hlíðarbæ þann 5. mars 2019 skorar á allar bæjar- og sveitastjórnir í Eyjafirði að beita sér fyrir að mötuneyti grunn- og leikskóla á þeirra vegum noti sem mest af íslensku hráefni.

Greinargerð:

Eðlilegt er að sveitarfélög setji sér þá stefnu að nota sem mest af íslensku hráefni í skólamötuneytum. Þannig fái nemendurnir hollan mat og um leið sé hægt að auka vitund þeirra á íslenski framleiðslu og gildi hennar fyrir samfélagið, hollu mataræði og síðast en ekki síst umhverfismálum. Matur úr heima-héraði/landi sem ræktaður er með heilnæmum hætti, án allra hormóna og eiturefna, fer mun betur með umhverfið svo ekki sé talað um fótsporið sem flutningurinn skilur eftir sig á innfluttum matvælum.

Við Eyjafjörð er mjög öflugur landbúnaður sem og sjávarútvegur og því ætti þetta að vera keppikefli og það eflir um leið samfélagið að matarinnkaup séu sem mest úr heimahéraði.

Fyrir hönd BSE
Sigurgeir B. Hreinsson